

Borgarstjórn
15. maí 2018

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um friðlýsingu Elliðaárdals

Borgarstjórn samþykkir að unnið verði að því að Elliðaárdalur verði friðlýstur vegna sérstaks náttúrufars, dýralífs og jarðsögu.

Greinargerð:

Elliðaárdalur er náttúruperla sem eitt stærsta græna svæðið í Reykjavík. Verndargildi hans er ótvírætt. Náttúrufar þar er einstakt, fuglalíf afar fjölbreytt og fá svæði í borginni búa yfir jafn mörgum fuglategundum. Jarðsagan er stórbrotin en finna má setlög þar frá lokum ísaldar, einkum strandseti frá hærri sjávarstöðu og neðarlega í dalnum má sjá stóra strandhjalla. Leitarhraun mótar landslag Elliðaárdalsins en það er 4.500 ára gamalt hraun. Elliðaárnar hafa rofið hraunið og myndað fossa í ánni en stærstu fossarnir eru Selfoss og Stórifoss skammt fyrir neðan Árbæjarstífluna. Laxveiði hefur verið stunduð í Elliðaánum frá fornu fari, líklega frá upphafi byggðar í Reykjavík. Danakonungur átti laxveiðirétt í ánum í um þrjú hundruð ár, þar til á 19. öld en þá voru veiðiréttindi seld. Reykjavíkurborg keypti árnar árið 1906. Árið 2012 friðlýsti þáverandi menntamálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir, einungis hús í Elliðaárdalnum en ekki dalinn sjálfan. Það er mikilvægt að dalurinn verði friðlýstur til að vernda þessa einstöku náttúruperlu fyrir ágangi nýrra bygginga og mannvirkja. Einungis eru fimm friðlýst svæði innan borgarmarkanna en þau eru Fossvogsbakkar, Háubakkar, Laugarás, Rauðhólar og Eldborg í Bláfjöllum.